



Reykjavík 12. janúar 2024

Brot Almenna lífeyrissjóðsins gegn 1. mgr. 36. gr. c laga nr. 129/1997

Hinn 22. ágúst 2023 barst tilkynning frá Almenna lífeyrissjóðnum til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um að tiltekinn ríkisskuldabréfasjóður í Húsnæðissafni lífeyrissjóðsins hafi farið 0,3 prósentustig yfir lögbundin 10% mörk um hámark fjármálagerninga í sama útgefanda, sbr. 1. mgr. 36. gr. c. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þetta leiddi til þess að umrædd fjárfesting fór umfram lögbundin mörk á tilteknu tímabili.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við Almenna lífeyrissjóðinn um að ekki hafi verið tryggð fullnægjandi vöktun á hámarki í einstökum útgefanda, sbr. 1. mgr. 36. gr. c. laga nr. 129/1997.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur nú þegar komið eign í umræddum verðbréfasjóði inn fyrir lögbundin mörk.